

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. júní 2014
2014050025/42-0
OKN, TB
tb

Ósk um undanþágu til að nálgast hreiður fálka, hafarna og þórshana, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 22. apríl, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Sigurður Ægissonar um undanþágu til að nálgast hreiður fálka, hafarna og þórshana vegna myndatöku.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Sigurður Ægisson er reyndur fuglaljósmyndari og þekkir hegðun fugla vel og gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að honum sé veitt leyfi til að mynda fálka og erni með þeim skilyrðum sem koma fram í drögum að leyfi, sjá bréf Umhverfisstofnunar. Sama gildir um þórshana en ekki kemur fram í framangreindu bréfi að haft skuli samráð vegna myndatöku við hreiður þeirrar tegundar. Rétt er að benda á að sótt hefur verið um rannsóknir á þórshana í sumar, sjá umsókn Yanns Kolbeinssonar, og mun því væntanlega verða farið að nokkrum varpstöðum. Til að takmarka röskun/ferðir við hreiður þórshana væri rétt að athuga hvort umsækjandi geti nýtt þær ferðir.

Virðingarfyllst


Trausti Baldursson
forstöðumaður Stjórnsýsludeildar

